

6875

LEIGUSAMNINGUR UM LÓÐ  
FYRIR KAFFISTOFU.

S A M R I T

Sérstök athygli er vakin á 6. gr.  
„Óheimilt er að veðsetja lóðarréttindi  
þessi fyrir en bygging á lóðinni er  
orðin fokheld ..."

H A F N A R S T J Ó R T I N N Í H A F N A R F I R D I

GJÖRIR KUNNUGT

Samkvæmt ályktun hafnarstjórnar 31. júlí 1984 og samþykkt bæjarráðs í  
umboði bæjarstjórnar 23. ágúst 1984

er Sjöfn Gunnarsdóttur, nnr. 8138-6714

leigð lóðin nr. 8 við VESTURGÖTU

hér í bænum til þess að byggja á henni færanlegt hús undir kaffistofu,  
með eftirgreindum nánari skilmálum:

1. gr.

Lóðin er að flatarmáli 145,0 fermetrar og er lögun hennar eins og hér  
greinir, sbr. meðfylgjandi uppdrátt:

Að sunnan,	meðfram Vesturgötu, .....	11,00 m
Að vestan,	meðfram almennum bílstæðum, .....	12,00 m
Að norðvestan,	meðfram almennum bílstæðum, .....	3,11 m
Að norðan,	meðfram almennum bílstæðum, .....	4,60 m
Að norðaustan,	meðfram Vesturgötu nr. 6, .....	5,94 m
Að austan,	meðfram Vesturgötu nr. 6, .....	10,00 m

Lóðin er sexhyrnd. Suðaustur- og suðvesturhornið eru rétt. Suður- og norður-  
línan eru samhliða í 14,20 m fjarlægð hvor frá annarri. Vesturlínan er í  
1,00 m fjarlægð frá vesturhlið hússins. Norðvesturhornið er afsneitt með  
2,20 m í hvora átt, en þannig myndast 3,11 m línan að norðvestan.

Norðausturlínan er afsneidd með 4,20 m í hvora átt og þannig myndast 5,94 m  
línan að norðaustan.

2. gr.

Lóðin er leigð til 31. ágúst 1994.

Að leigutíma loknum ber lóðarhafa að fjarlægja húsið af lóðinni hvenær sem  
þess verður krafist, hafnarsjóði og bæjarsjóði að kostnaðarlausu og án hvers-  
konar bóta. Ef til kæmi að framlengja leigutímann, ber lóðarhafa að sækja  
um það 6 mánuðum fyrir lok leigutímans.

3. gr.

Lóðarhafi greiði alla skatta og gjöld til opinberra þarfa, sem lögð eru  
eða verða lögð á hina leigðu lóð.

6875

4. gr.

Ársleiga af lóðinni er nú  $1 \frac{1}{2}\%$  af fasteignamatsverði lóðarinnar.

Lóðarhafa er skylt að hlíta þeirri hækkun á ársleigunni, sem bæjarstjórn kann að ákveða hverju sinni við almenna endurskoðun leigu á hafnarlóðum.

Leiguna skal greiða í skrifstofu hafnargjaldkerans í Hafnarfirði og er gjalddagi fyrir 15. janúar ár hvert fyrir yfirstandandi ár. Fyrir lóðarleigu og dráttarvöxtum er lögtaksréttur samkvæmt lögum frá 16. desember 1885, og eru hús og önnur mannvirki á lóðinni að veði fyrir lóðargjaldinu. Lóðarleiguna skal greiða frá afhendingardegi lóðar.

5. gr.

Flytji lóðarhafi hús af lóðinni, felli þau niður eða þau eyðileggjast af einhverjum ástæðum, gengur samningur þessi úr gildi og fellur lóðin þá aftur til bæjarins, án uppsagnar eða endurgjalds.

6. gr.

Lóðarhafi hefur ekki rétt til að veðsetja afnotarétt sinn til lóðarinnar, ásamt húsum og mannvirkjum fyrir en þau eru orðin fokheld og sérstök yfirlýsing gefin út af byggingafulltrúa þar að lútandi, sbr. þó aðra skilmála hér á eftir. Vilji lóðarhafi selja rétt sinn til lóðarinnar, skal hann bjóða hafnarsjóði Hafnarfjarðar forkaupsrétt. Framsal er ógilt nema hafnarstjóri eða fulltrúi hans hafi ritað vottorð sitt á framsalið um að forkaupsrétti hafi verið hafnað.

7. gr.

Þar sem hæðarmunur er milli götu og/eða gangstígs og lóðar, skal lóðarhafi gera stoðmúr eða fláa að lóðarmörkum áður en endanlega er gengið frá götunni og gangstígnum.

8. gr.

Lóðarhafa er skylt að ganga að fullu frá lóð samkvæmt uppdrætti Auðar Sveinsdóttur, landslagsarkitekts, dags. 25/4'85 og í fullu samráði við verktaka þann, sem vinnur að útfærslu skipulagsins á aðliggjandi lóðum. Hafi þeim framkvæmdum ekki verið lokið fyrir 1. júlí 1985 getur bæjarverkfræðingur látið framkvæma þar á kostnað lóðarhafa. Bæjarsjóður lætur grófjafna lóðina undir hellulögnina. Lóðarhafa ber að sjá um, að umgengni á lóðinni sé snyrtileg og að gróðri og öðrum frágangi sé vel við haldið.

9. gr.

Bæjarsjóður leggur vatns- og skolpheimæðar frá götuæðum allt að 1,00 m inn fyrir lóðarmörk. Frá þeim tíma eru heimæðar þessar eign húseiganda og skal hann annast allt viðhald þeirra og bera allan kostnað þar af.

10. gr.

Rafveitu Hafnarfjarðar er áskilinn grafréttur á lóðinni vegna jarðstrengja og tengikassa. Svo og er öðrum viðkomandi veitustofnunum áskilinn réttur til að leggja vatns-, skolp, hitaveitulagnir o.p.u.l. um lóð hússins eftir því sem nauðsyn krefur. Allt eftirlit og viðhald með lögnum þessum skal ótalið af lóðarhafa. Lóðarhafa ber að hanna hitakerfi hússins með hliðsjón af fjarhitun með jarðvarma. Verði húsið hitað upp til bráðabirgða með olíu-kynditækjum eða á annan hátt, skal hafa fullt samráð við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra um frágang slíks útbúnaðar. Áður en heimtaug eða heimæð hitaveitu verður lögð að húsinu skal fylla að því og jafna lóðina sem næst í þá hæð, sem henni er ætlað að vera. Slíkar lagnir verða ekki lagðar ef frost er í jörðu.

Kvæð er um rétt eigenda næstliggjandi húsa til óhjákvæmilegrar umferðar um lóðina til nauðsynlegs viðhalds húsa og lóða.

11. gr.

Staðsetning og gerð útvarpsloftlína og sjónvarpsstanga og annars þess, er til lýta kann að verða utanhúss, er háð samþykki byggingafulltrúa. Getur hann sett nánari fyrirmæli þar um.

12. gr.

Um litaval hússins að utan skal haft fullt samráð við byggingafulltrúa.

13. gr.

Ef um vanefndir á samningi þessum er að ræða af hálfu lóðarhafa, getur hafnarstjórn Hafnarfjarðar afturkallað lóðarveitinguna og með einhliða yfirlýsingu sinni látið afmá leigusamning þennan úr afsals- og veðmálabókum Hafnarfjarðar-kaupstaðar.

14. gr.

Lóðarhafi greiði kostnað við þinglestur á leigusamningi þessum og stimpilgjald.

15. gr.

Af leigusamningi þessum eru gerð þrjú samrit, eitt handa hvorum aðila og eitt til þinglesturs.

Hafnarstjórnin í Hafnarfirði 6. júní 1985

*Ólafur J. Halldórsson*

Ég undirritaður lóðarhafi geng að framanskráðum leiguskilmálum og skuldbind mig til að halda þá í öllum greinum.

Hafnarfirði, 6. júní 1985

*Sjöfn Gunnarsdóttir*

SKJAL NR. 6875  
MÓTTEKIÐ TIL PINGLÝSINGAR

Vitundarvottar að rétttri dagsetn.  
undirskrift og fjárræði aðila:

*Ingvar Björnsson, hdl.*  
Ingvar Björnsson, hdl.  
Pétur Kjerúlf, hdl. nmr. 7102-1600  
Strandgötu 21, pósthólf 191  
222 Hafnarfjarður.

6 JUN 1985


Þinglýsingargjald kr. 110  
Stimpilgjald kr. 586  
Samtals kr. 696

*Sýslumaðurinn 8112 0358*

INNFAERT

11 JUN 1985

*Þóroddur*



VESTURGATA

6.8.85

Hafnarfjörður í maí 85  
 S. Sigurðsson